

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 29. október 2008

Það er öllum ljóst að miklar efnahagskrísur ríða yfir land og þjóð um þessar mundir. Stúdentar eins og landsmenn eru þolendur kreppunnar enda um margt háðir ríkisútgjöldum til menntamála og til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Nú þegar brýnt er að skera á fjárveitingar á vegum ríkisins til þess að mæta erfiðara árferði í þjóðarbúskap minnir Stúdentaráð Háskóla Íslands á hversu mikilvægt er að hlúa almennilega að hugviti og stúdentum sem saman mynda afl sem mun leggja sitt ítrasta í að leiða þjóðina úr ógöngum og skammtímaþroti. Útgjöld til menntamála og stuðningur við þekkingarsköpun verður þannig ávallt að skoða sem lið í viðreisn nýrra tíma en ekki bagga og þungan lið í fjárlögum. Það er ljós við enda ganganna og sú þekking og það hugvit sem býr í Háskóla Íslands og stúdentum hans er liður í því að koma þjóðinni skjótar og öruggar í átt þess.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hvetur ríkisstjórn landsins til eftirfarandi:

- Að efla hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna og taka til greina ítarlegar kröfur og breytingartillögur SÍNE hvað varðar LÍN þar sem forsendur úthlutunarreglna sjóðsins fyrir veturinn 2008-2009 eru brostnar.
- Að hlúa almennilega að stúdentum búsettum á Íslandi sem og erlendis, þekkingarsköpun og menntamálum.
- Að gera sitt ítrasta til þess að halda landinu sem eftirsóknarverðum kosti í augum stúdenta til framtíðarbúsetu því í þeirra höndum liggur fjöregg landsins.
- Að búa þannig um hnútana að jafnrétti til náms og opin menntun verði höfð í hávegum því ef stríðið á að vinnast þarf þekkingarherdeildin að styrkjast. Þar má engan skilja útundan.

Í hverri kreppu sem ríðið hefur yfir þjóðina hafa stúdentar lagt mikilvæg lóð á vogarskálarnar til að reisa við landið. Nú sem ætíð fyrr eru stúdentar klárir í bátana en til þess þarf ríkið að skapa umhverfi sem gerir stúdentum kleift að róa af fullum þunga í átt að nýrri farsælli Frón.